

# Reglur Fjarðabyggðar um framlög til stjórnálasamtaka er bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Í 5.gr. laga nr. 162/2006 um fjármála stjórnálasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra er kveðið á um að sveitarfélög með fleiri íbúa en 500 veiti stjórnálasamtökum fjárframlög til starfsemi sinnar.

## **5. gr. Framlög til stjórnálasamtaka frá sveitarfélögum.**

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnálasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum, árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

Á grundvelli 5.gr. laga nr. 162/2006 eru reglur Fjarðabyggðar um framlög eftirfarandi.

- Framlag til stjórnálasamtaka skal ákvarðað í fjárhagsáætlun ár hvert og skal eigi nema lægri fjárhæð en 250.000 kr. á ári. Úthlutun fer fram til þeirra stjórnálasamtaka sem hlotið hafa a.m.k. 5% atkvæða eða einn mann kjörinn og skal framlagi hvers árs úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.
- Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að **ný** stjórnálasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.
- Framlag skal greitt til stjórnálasamtaka í samræmi við samþykktir þeirra.

Samþykkt í bæjarráði 30.janúar 2012

Samþykkt í bæjarstjórn 2.febrúar 2012